

## Stjórnarfundur 286

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
16.05.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 286</a>
<b>Fundarritari</b>	<b>Fundartími</b>	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:48	
<b>Fundarmenn</b>	<b>Fjarverandi</b>	
Hlynur Jóhannsson, formaður Hilda Jana Gísladóttir Geir Kristinn Aðalsteinsson Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
<b>Starfsfólk</b>		
Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri Arnaldur B. Magnússon, sviðsstjóri Erla Björg Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri Sunna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri		
<b>Aðrir, gestir á fundi</b>		
Guðmundur Freyr Hermannsson, KPMG Kristín Helga Schiöth, SSNE		

---

- 1. Reykjaveita - virðismat**
- 2. Líforkuver**
- 3. Orkey, staðan á söluferlinu**
- 4. Eimur - styrkur Norðurorku**
- 5. Fjárhagsáætlun 2023 endurskoðuð**
- 6. Þriggja mánaða uppgjör**
- 7. Skógarböð ehf. hlutafjárkaup Norðurorku**
- 8. Önnur mál**

## 1. Reykjaveita - virðismat

KPMG hefur gert virðismat á Reykjaveitu og út frá því reiknað út hvað gjaldskrá þarf að vera há til að veitan standi undir sér. Guðmundur Freyr Hermannsson kom á fundinn og kynnti virðismatið.

***Forstjóra falið að halda fund með sveitarstjóra Grýtubakkahrepps um málið.***

## 2. Líforkuver

Kristín Helga Schiöth frá SSNE kom á fundinn og kynnti áform um næstu skref varðandi líforkuver. Einnig ræddi hún metan framleiðslu í samhengi við áform um líforkuver.

***Til umræðu og upplýsingar***

## 3. Orkey, staðan á söluferlinu

Sunna Guðmundsdóttir greindi frá stöðunni í söluferlinu á Orkey og næstu skrefum. Eitt kauptilboð barst, frá Gefn ehf. og mun Norðurorka taka því tilboði.

***Til kynningar***

## 4. Eimur - styrkur Norðurorku

Undanfarin sex ár hefur Norðurorka styrkt Eim og er þriggja ára samningur um styrk, 15 millj. kr. á ári að renna út í lok ágúst. Eimur vinnur nú að áætlanagerð fyrir næstu ár og mikilvægt er að fyrir liggi hvort Norðurorka styrkir verkefnið áfram og þá hversu mikið.

***Stjórn Norðurorku óskar eftir því að Eimur kynni þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum og væntan árangur næstu þriggja ára áður en tekin er afstaða til frekari styrkveitingar.***

## 5. Fjárhagsáætlun 2023 endurskoðuð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 sem samþykkt var á 280. stjórnarfundum var gert ráð fyrir 600 millj. kr. lántöku á árinu 2023. Nú blasir það við að taka þarf 800 millj. kr. lán. Lögð er fram til samþykktar endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023 þar sem gert er ráð fyrir 800 millj. kr. láni.

***Stjórn samþykkir breytingu á fjárhagsáætlun 2023 þar sem gert er ráð fyrir 800 millj. kr. láni.***

## 6. Þriggja mánaða uppgjör

Fjármálastjóri fór yfir þriggja mánaða uppgjör Norðurorku hf. Staðan er þröng og Norðurorka þarf að huga að lántöku. Rekstur fyrir fjármagnsliði er ásættanlegur en fjármagnsliðir breyta myndinni mikið. Sjóðstreymi er erfitt, þ.e. reksturinn skilar ekki nægu fé til að standa undir fjárfestingum og afborgunum lána. Handbært fé var neikvætt um 28 milljónir 31. mars og veltufjárhlutfall heldur áfram að lækka, er komið í 0,64, var 0,8 árið 2022. Gjaldskrá þarf að hækka í samræmi við verðlagsþróun, hið minnsta. Verðbólga frá áramótum er 4,9%.

KPMG er að vinna með NO við gerð reiknilíkans fyrir hverja veitu fyrir sig svo hægt verði að taka upplýstar ákvarðanir um gjaldskrárbreytingar með það að markmiði að veiturnar afli nægra tekna til að standa undir fjárfestingum en sem kunnugt er standast þrjár af fjórum veitum ekki virðisrýrnunarpróf. Aðeins vatnveitan stenst prófið.

Forstjóri leggur til að gjaldskrár allra veitna verði hækkaðar í takti við verðbólgu frá áramótum, þ.e. um 4,9%. Einnig leggur forstjóri til að Norðurorka taki lán að upphæð 800 millj.

***Stjórn Norðurorku samþykkir að gjaldskrár allra veitna verði hækkaðar í takti við verðbólguþróun frá áramótum, þ.e. 4,9%.***

***Stjórn Norðurorku hf. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 800 mkr., til 17 ára. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir í hitaveitu. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Þá hefur stjórnin kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni. Jafnframt er Eyþóri Björnssyni, 140865-5409, forstjóra Norðurorku hf., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Norðurorku hf. að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Svalbarðsstrandahrepps og Þingeyjarsveitar, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.***

## 7. Skógarböð ehf. hlutafjárkaup Norðurorku

Á 284. fundi stjórnar Norðurorku staðfesti stjórn fyrri ákvörðun frá 274. fundi um kaup á hlutabréfum í Skógarböðum ehf. í samræmi við viljayfirlýsingu þar um. 18. apríl sl. barst Norðurorku bréf þar sem því er haldið fram að Norðurorka hafi fyrirgert rétti sínum til hlutafjárkaupa.

Lögfræðingur hefur svarað Skógarböðum ehf. fyrir hönd Norðurorku þar sem staðreyndir málsins eru raktar og afstöðu Skógarbaða er hafnað.

***Forstjóra falið að vinna málið áfram fyrir hönd Norðurorku hf.***

## 8. Önnur mál

a) Norðurorka hefur keypt jörðina Arnarnes og jarðhitaréttindin. Nú er í skoðun hvaða hluta jarðarinnar og fasteignir Norðurorka ætlar að eiga og hvað verður selt aftur.

b) Kynnisferð stjórnar, varastjórnar og fulltrúa eigenda rædd. Ákveðið að kynnisferðin verði fimmtudaginn 8. júní eftir hádegi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:48